

8. gr. Raunfærnimat, náms- og starfsráðgjöf

Mat á raunfærni byggist á því að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við ýmsar aðstæður. Allt nám er álitid verðmætt og því mikilvægt að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Með mati á raunfærni fær fullorðid fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Helsti ávinningur einstaklinganna er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Mat á raunfærni getur verið hvati fyrir fullorðid fólk á vinnumarkaði til að ljúka formlegu námi. Þar með styrkist staða þess, fagstéttanna, fyrirtækjanna og þjóðarinnar almennt hvað varðar þekkingarstig og framþróun.

Raunfærnimatsferlið er í nokkrum þrepum og kemur náms- og starfsráðgjafi að þeim öllum með sína fagþekkingu. Það er réttur þátttakenda í raunfærnimati að fá viðeigandi ráðgjöf, einstaklingsmiðað mat og stuðning í ferlinu.

Í raunfærnimatsferlinu þarf náms- og starfsráðgjafi t.a.m. að:

- gæta trúnaðar og hlutleysis,
- gæta hagsmuna þátttakenda,
- gæta að þörfum hvers og eins,
- aðstoða þátttakendur að bera kennsl á styrkleika sína,
- aðstoða þátttakendur við að setja sér námsmarkmið,
- veita þátttakendum fræðslu um nám og störf svo hver og einn taki ígrundaða ákvörðun um næstu skref,
- hvetja og styðja þátttakendur,
- leiðbeina þátttakendum við að yfirstíga hindranir,
- upplýsa hvern og einn þátttakanda um hvaða úrræði eru í boði,
- aðstoða við gerð á einstaklingsmiðaðri námsáætlun,
- o.fl.

Menntun í náms- og starfsráðgjöf er nauðsynlegur undirbúningur fyrir ráðgjöf í raunfærnimatinu samkvæmt Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þar sem nám náms- og starfsráðgjafa leggur áherslu á alla ofantalda færniþætti.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur unnið að tilraunaverkefnum í raunfærnimati í samstarfi við nokkrar fræðslumiðstöðvar á Íslandi. Fróðlegt er að skoða árangur þess starfs t.d hjá IÐUNNI fræðslusetri sem hefur unnið að raunfærnimati í iðngreinum. 190 einstaklingar hafa farið í gegnum raunfærnimat hjá IÐUNNI fræðslusetri og þar af hafa 72% (140 einstaklingar) þeirra sótt nám að því loknu. Úr þeim hópi hafa 30 einstaklingar útskrifast með sveinspróf vorið 2008. Er það álit þátttakenda að fagleg náms- og starfsráðgjöf sé nauðsynlegur þáttur í raunfærnimatsferlinu.

Hjá Mími-símenntun hefur verkefnið Raunfærnimat fyrir þjónustufulltrúa í bönkum verið unnið en það er framhaldsverkefni af Leonardo verkefni, Value of work, sem fór fram í sex löndum og var stýrt af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. 60 þátttakendur hafa lokið þessu verkefni og eru 20 í viðbót að ljúka því nú í vor. Margir hafa síðan farið af stað í nám í framhaldi af verkefninu. Er það samdóma álit þátttakenda og allra þeirra aðila sem að verkefninu koma að fagleg náms- og starfsráðgjöf sé nauðsynlegur þáttur í ferlinu.

Á s.l. hausti var einnig farið af stað með þróunarverkefni í raunfærnimati fyrir nemendur á Leikskólabrú hjá Mími-símenntun.

Fyrir frekari upplýsingar um raunfærnimati þá er vert að skoða:

- <http://frae.is/raunfaerni/>
- <http://vow.siae.si/>
- <http://www.idan.is/radgjof>
- <http://www.mimir.is>

Fyrir frekari upplýsingar um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað þá er vert að skoða:

- http://www.frae.is/files/{77852c27-5c22-49e5-aaba-6f299d86a59e}_fjola.pdf

Náms- og starfsráðgjöf í símenntunarsamfélaginu

Stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf á vegum ESB

Símenntun er ekki einungis margvíslegt framboð um nám á vegum fræðslustofnana, heldur einnig val hvers einstaklings úr þeim menntunartækifærum sem bjóðast. Í símenntunarsamfélaginu verður það á ábyrgð hvers og eins að skipuleggja náms- og starfsferil sinn og bregðast við breytingum í námi og starfi með því að efla færni sína og endurskoða viðhorf sín. Til að leysa slík verkefni farsælega þarf að auka aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Því er hún nauðsynlegur þáttur í símenntun.

Rannsóknir og framkvæmd í náms- og starfsráðgjöf hafa beinst að því að bæta árangur hennar. Þetta hefur falið í sér matsrannsóknir á starfsemi og úrbætur hafa byggt á slíku mati. Þar er talið úrslitaatriði að allir þættir í skipulagi náms- og starfsráðgjafar virki saman, t.d. stefnumótendur (stjórnáráðgjafar, embættismenn ráðuneyta og aðrir sem koma að lagasetningu), menntun náms- og starfsráðgjafa, námskrár fræðslustofnana á þessu sviði, stjórnendur fræðslustofnana, foreldrar, nemendur, kennarar, rannsakendur, útgefendur námsefnis og upplýsingaveita, svo að helstu aðilar séu nefndir. Stefnumótun á sviðinu gengur út á að samhæfa aðgerðir þessara aðila til að sem bestur árangur fái af þeirri náms- og starfsráðgjöf sem veitt er.

Leiðandi alþjóðlegum stofnunum í menntunarmálum, ásamt leiðandi aðilum á sviði náms- og starfsráðgjafar hefur í vaxandi mæli orðið ljóst að árangur í náms- og starfsráðgjöf byggir á stefnu og námskrám, sem mótaðar hafa verið í samstarfi þeirra aðila sem koma að náms- og starfsráðgjöf.

Í símenntunarstefnu alþjóðastofnana eins og OECD og ESB skipar náms- og starfsráðgjöf mikilvægan sess og hafa verið gefnar úr stefnumótandi yfirlýsingar¹ um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í símenntun, skrifaðar skýrslur um efnið² og haldnar alþjóðlegar ráðstefnur um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

Íslendingar hafa tekið lítinn þátt í þessu mikilvæga starfi, þrátt fyrir að þörf sé á að efla stefnumótun í málaflokknum hér á landi. Nokkur þáttaskil urðu í nóvember 2006 er tveir fulltrúar menntamálaráðuneytis voru sendir á ESB ráðstefnu í Finnlandi um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf: Lifelong Guidance Policies and Systems Conference: Building the Stepping Stones.

Í framhaldi af þeirri ráðstefnu var stofnsett European Lifelong Guidance Policy Network (ELGPN) (sjá <http://ktl.jyu.fi/ktl/elgpn/>) og á menntamálaráðuneytið formlega aðild að því. Líftími ELGPN er til ársloka 2010. Megin markmið netverksins er að aðstoða aðildarlönd Evrópusambandsins og ráðherraráðið við að efla evrópskt samstarf um lífslanga náms- og starfsráðgjöf á sviði bæði menntamála og atvinnamála. Samstarf innan netsins felst í tengslanetum milli Evrópulanda um

¹ Council resolution of 27 June 2002 on lifelong learning (Ályktun ráðherraráðsins í júní 2002 um nám alla ævi). Sjá: http://europa.eu/eur-lex/pri/en/oj/dat/2002/c_163/c_16320020709en00010003.pdf

Council resolution of 21 November 2008 on better integrating lifelong guidance into lifelong learning strategies (Ályktun ráðherraráðsins í nóvember 2008 um að tengja náms- og starfsráðgjöf alla ævi betur við lífslanga námsaðferðir). Document 14398/08 EDUC 241 SOC 607

² Organisation for Economic Co-operation and development. (2004). *Career Guidance and Public Policy. Bridging the Gap*. Paris: OECD.

http://www.oecd.org/document/35/0,2340,en_2649_201185_1940323_1_1_1_1,00.html

Organisation for Economic Co-operation and Development (2004). *Career Guidance: A handbook for policy makers*. Paris: OECD.

http://www.oecd.org/document/35/0,2340,en_2649_201185_1940323_1_1_1_1,00.html


stefnumótun, en einnig eru sett á stofn samráðsnet (national forum) í hverju landi. Þá felst samstarfið einnig í þemavinnu og hefur Ísland, ásamt Frakklandi, tekið að sér að stýra einu slíku verkefni um aðgengi að náms- og starfsráðgjöf. Íslendingar hafa náð góðum árangri í að auka aðgengi að náms- og starfsráðgjöf, t.d. í námsráðgjöf á vinnustað og aðstoð við fatlaða nemendur í Háskóla Íslands.

Til að meginmarkmið ELGPN nái fram að ganga er stefnt að eftirfarandi undirmarkmiðum:

1. Stuðningur við að þróa stefnu í náms- og starfsráðgjöf í hverju landi.
2. Miðla upplýsingum um stefnumótun og framkvæmd í náms- og starfsráðgjöf milli landanna og innan hvers lands.
3. Öflun upplýsinga um stefnumótun og framkvæmd í náms- og starfsráðgjöf.
4. Stefnumótunargreining og rannsóknir á þessu sviði.
5. Nýta gögn sem hafa verið gerð á vegum ESB um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.
6. Nýta Evrópuverkefni á sviðinu, t.d. verkefni sem hafa verið unnin á vegum Leonardó eða Grundtvig.
7. Styrkja samráðsnet í hverju landi. (sjá nánar: <http://ktl.jyu.fi/ktl/elgpn/programme>)

Það má segja að ELGPN sé samstarf sem okkur Íslendingum er sérlega akkur í að nýta okkur. Hér á landi hefur náms- og starfsráðgjöfin orðið til á skömmum tíma og hana er að finna í mörgum stofnunum sem sinna fullorðnu fólki á vinnumarkaði jafnt sem yngra fólki í skólum. Íslenskir náms- og starfsráðgjafar eru því farnir að sinna margvíslegum verkefnum. En sem stendur eru lagatextar rýrir og hefðir litlar. Gögn til notkunar í náms- og starfsráðgjöf skortir, s.s. rafrænan upplýsingabanka um nám og störf. Ekkert samstarf er á milli Háskóla Íslands sem menntar náms- og starfsráðgjafa og þeirra sem skipuleggja vinnu náms- og starfsráðgjafanna. Því vill oft fara þannig að þeim verkefnum er sinnt sem mest er þrýst á um að sinna í amstri dagsins. Yfirsýn skortir og lítið hugað að því hvernig markmiðum verður sem best náð. Matsrannsóknir eru mjög fáar og ná yfir afmarkað svið. Því vitum við ekki hvaða árangri náms- og starfsráðgjöf er að skila í fræðslukerfinu okkar. Þá eru stofnanir eins og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar ekki nægilega vel nýttar, að hluta vegna skorts á faglegu starfsfólki og einnig vegna sinnuleysis um málefni náms- og starfsráðgjafar.

Virkt samráð við leiðtoga í náms- og starfsráðgjöf í Evrópu sem fæli í sér virkt samstarf samráðsnets eða landsnets hér innan lands er tækifæri sem við Íslendingar eigum ekki að láta fram hjá okkur fara. Árangur í náms- og starfsráðgjöf veltur á samhæfni þeirra sem hana stunda og stefnumörkun markmiða. Árangursríkari náms- og starfsráðgjöf er innan seilingar – sú er staðan.



European Lifelong Guidance Policy Network ELGPN

The European Lifelong Guidance Policy Network aims to assist the European Union Member States and the Commission in moving European cooperation on lifelong guidance forward in both the education and the employment sectors

The purpose

- is to promote cooperation at Member State level on lifelong guidance and to propose appropriate structures and support mechanisms in implementing the priorities identified in the Resolutions on Lifelong Guidance (2004, 2008).

The Mandate

- ELGPN is to strengthen the 2008 EU Council Resolution on better integrating lifelong guidance into lifelong learning strategies.
- The Member States and the Commission are invited, within their respective competences, to strengthen European cooperation on lifelong guidance, in particular through the ELGPN, with the support of the Lifelong Learning Programme and in liaison with Cedefop

Initial and Second Phase

- The initial phase 2008
 - infrastructure
 - peer learning activities in order to enhance guidance on national level
- The second phase 2009-2010
 - thematic activities

The Networks' Objectives, Functions and Working Arrangements

- promoting co-operation in the development of policies and systems for lifelong guidance provision at national level through European co-operation
 - policy sharing, promoting and supporting for development of the broader EU policy framework for lifelong guidance

The Networks' Objectives, Functions and Working Arrangements

- identifying lifelong guidance policy issues.
 - identify gaps in policy development and implementation at national level and which merit collaborative action at EU level

Functions

1. *Support for policy development*
2. *Policy sharing*
3. *Information gathering*
4. *Policy analysis and research*
5. *Use of reference tools*
6. *Exploiting project outcomes*
7. *Strengthening representative structures*

Thematic Actions

Career management skills

(Council Resolutions on Lifelong Guidance 2004, 2008)

Access, including APEL

(Council Resolution on Lifelong Guidance 2008 Council Conclusions on Validation of Non-Formal and Informal Learning 2004; EU Common Reference Tools)

Co-operation and co-ordination mechanisms in guidance policy and systems development

(Council Resolutions on Lifelong Guidance 2004, 2008; EU Common Reference Tools)

Quality assurance/Evidence-base for policy and systems development

(Council Resolutions on Lifelong Guidance 2004, 2008; EU Common Reference Tools)

General Management and Task Group

■ General Management

Leadership and management in ELGPN
Monitoring and evaluation of ELGPN work
National impact and dissemination of work outcomes, and relations with policy makers of education and training, employment as well social policies and the wider European and international guidance community
EU Education & Training and Employment policy monitoring from LLG perspective (Council Resolution on Lifelong Guidance 2008)

Task Group

Synergy between EU-funded projects on lifelong guidance (Council Resolution on Lifelong Guidance 2004)

ELGPN network meetings 2009 – 2010 and work programme

- Two whole-network meetings and a mixture of other work methods.
 - 19-20 March, 2009, Luxembourg
 - 17-18 September 2009, Latvia
 - April 2010, Portugal
 - September 2010 Spain.

Resolutions on Lifelong Guidance (2004, 2008).

- The Resolution website
- <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st15/st15030.en08.pdf>
- The ELGPN website
http://kti.jyu.fi/kti/elgpn/programme/2009_2010

10. Helstu tillögur nefndar um aukna náms- og starfsráðgjöf og fyrirkomulag hennar

Nefndin leggur til að:

- menntamálaráðuneytið meti stöðu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Það mat verði undanfari endurskipulagningar sem hafi að leiðarljósi aukna skilvirkni náms- og starfsráðgjafar.
- menntamálaráðuneytið móti skýra stefnu um markmið og framkvæmd náms- og starfsráðgjafar og náms- og starfsfræðslu.
- komið verði á heildstæðri náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum. Þar verði unnið að markmiðum náms- og starfsráðgjafar á grundvelli áætlunar sem verði samofin öðrum námsmarkmiðum skólans.
- hannað verði ítarlegt og hlutlaust upplýsingakerfi um nám og störf.
- náms- og starfsfræðsla verði skyldugrein í grunn- og framhaldsskólum. Jafnframt að gert verði átak í að hanna námsefni og upplýsingakerfi til nota í náms- og starfsráðgjöf og fræðslu um nám og störf.
- kennarar verði þjálfaðir í að samþætta efni náms- og starfsfræðslunnar við sínar námsgreinar í grunn- og framhaldsskólum.
- sett verði reglugerð um starfssvið náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.
- sérstök áhersla verði lögð á jafnréttissjónarmið í náms- og starfsráðgjöf og náms- og starfsfræðslu.
- stofnað verði til samstarfs við atvinnurekendur um eflingu náms- og starfsráðgjafar, náms- og starfsfræðslu og námsgagnagerð.
- foreldrar komi með skipulegum hætti að ákvarðanaferli barna sinna um nám og störf í framtíðinni. Aðkoma foreldra verði tengd við heildstæða áætlun skóla um náms- og starfsráðgjöf.
- kannað verði hvaða aðferðir í náms- og starfsráðgjöf eru skilvirk forvörn gegn brottfalli.